



Með þessu bréfi er boðað til 7. stjórnarfundar BÍS árið 2026.

Fundurinn verður haldinn á Úlfjótssvatni fimmtudaginn 4. júní 2026 19:00-21:30.

Boðuð á fundinn eru stjórn BÍS, framkvæmdastjóri BÍS, rekstrarstjóri ÚSÚ og fulltrúi ungmenna.

Dagsetning: 4.06.2026

Mætt/ir: Guðrún Stefánsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Þórhallur Helgason, Björk Norðdahl, Jakob Burgel, Reynir Tómas Reynisson, Sævar Skaptason, Elín Esther Magnúsdóttir, Ragnar Þór Þrastarson

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Fundarritari: Ragnar Þór Þrastarson

1. Bókunarstaða

- Reksrarstjóri fer yfir bókunarstöðu á Úlfjótssvatni sem er verulega undir áætlun og væntingum. Sérstaklega miðað við þau gæði og þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað í starfseminni síðustu misseri ásamt mjög jákvæðri endurgjöf frá gestum.
- Erlendir hópar eru undir áætlum ásamt Pre/Post ferðum fyrir Landsmót skáta á Hömrum.
- Fjármálastjóri BÍS fer betur yfir fjárhagsstöðu ÚSÚ á stjórnarfund 15. júní 2026.
- Setja þarf meiri áherslu á markaðssetningu með kynningarmálastýru BÍS.
- Meiri samkeppni er á skólabúðamarkaði ásamt áskorunum í fjölda gistirýma á ÚSÚ.
- Ræddir voru möguleikar á Stop-over þjónustu ÚSÚ fyrir erlenda Jamboree hópa. Gisting og þjónusta á ÚSÚ.
- Bókunarstaða og fjárhagsstaða ÚSÚ verður rætt frekar á framkvæmdaráðsfundi 10. júní næstkomandi.
- Goose network er óstarfhæft vegna heimasíðu. Elín leggur til sameiginlegt portal fyrir Evrópskar skátamiðstöðvar.

2. Starfsmannastaðan

Almennt séð eru starfsmannamál í ágætum farvegi fyrir sumarið þó ákveðin atriði kalli á umræðu og framtíðarsýn.

- Elín fer yfir helstu mál er snertir starfsmannaveltu, álag og umsóknir fyrir viðhaldsmann ÚSÚ.
- Ragnar og Elín fá það verkefni að skoða starfsmannasamsetningu Útilífsmiðstöðvar skáta og hvernig best sé að haga þeim málum m.t.t sölu og þjónustu.
- Verið er að klára mönnum fyrir árið og staðan er að þróast ágætlega og mönnun nánast komin.
- Jákvætt er hversu margir sjálfboðaliðar og starfsfólk vilja koma aftur á ÚSÚ sem bendir til sterkrar menningar og góðrar upplifunar innan teymisins.
- Ræddar voru leiðir til þess að virkja íslenska sjálfboðaliða og skáta til þess að mæta meira á Úlfjótssvatn. Sérstaklega var rædd aðstaða fyrir íslenska skáta og sjálfboðaliða.

- f. Elín kynnir breytt sjálfboðaliðaprógramm – markmiðið er að fækka sjálfboðaliðum og hafa þau sem koma í lengri tíma. Góður hljómgrunnur frá stjórn.
 - g. Elín fer yfir þjálfunarskjöl ÚSÚ til upplýsinga fyrir stjórn.
3. Staðan á starfinu og rekstrinum
- a. Mjög góðar umsagnir og endurgjöf frá gestum og hópum.
 - b. Markaðssetning skólahópa ætti að fara út í byrjun ágúst (1. ágúst)
 - c. Sævar nefnir að nýta sjónvarpsþáttinn Landann til kynninga á starfsemi ÚSÚ og sérstaklega skólabúða.
 - d. Veruleg skör hefur verið tekin í þjálfun starfsfólks, öryggisvinnu, verklagsgerð, upplýsingagjöf og skjölun.
 - e. Dæmi um nýtt efni og Kerfi:
 - i. Öryggismál:
 - 1. Safety Portal
 - ii. Þjálfunarkerfi
 - 1. Training Portal
 - iii. Skilmálar
 - 1. Skilmálar
 - iv. Pre-arrival upplýsingakerfi:
 - 1. Pre-arrival information.
 - f. GEV starfsleyfi hefur ekki enn borist en búist er við því á allra næstu dögum. – Elín fylgir því eftir.
4. Staðan á tjaldsvæðinu
- a. Tjaldsvæðið fer ágætlega af stað fyrir sumarið. Elín fer yfir tjaldsvæðið og söluna.
 - b. Núverandi staða:
 - i. Þjónustumiðstöðin hefur verið tekin vel í gegn og aðstaðan batnað verulega
 - ii. Flatir eru enn að jafna sig eftir veturinn og fyrri álagstíma
 - 1. Fyrsti sláttur er nánast búinn
 - iii. Verið er að bæta skiltum og upplýsingagjöf á svæðinu
5. Húsnæðismál og framtíðarsýn
- a. Umbætur hafa verið í matsal og aðstöðu fyrir gesti og starfsfólk. Elín fer yfir það sem gert hefur verið og hvernig frískað hefur verið upp á staðinn.
 - b. Kynnt var skjal sem Ragnar og Elín lögðu fyrir stjórn og varðaði uppbyggingu húsa og forgangsröðun þeirra á Úlfjótssvatni. Stjórn samþykkir þessar tillögur og óskar eftir því að unnið verði áfram með þessar hugmyndir.
 - c. Fjármögnun verkefnisins var rædd – Samstarf við önnur félagasamtök, virkja eldri skáta í að tala fyrir frekara fjármagni frá ríkinu ásamt því að fara í þjóðaráttak sem yrði sjónvarpað.
 - d. Fálkaskáli og Hrafnaskáli voru ræddir og stjórn óskar eftir því að báðir skálarnir verði skoðaðir af fagmönnum áður en frekari ákvörðun verði tekin og hvort þeir verði endurbyggðir eða fjarlægðir.
6. Önnur mál
- a. Uppbygging dagskrárvæðis:
 - i. Skátahöfðingi ræðir hugmynd um uppbyggingu dagskrárvæðis á Drekkaskátamótsflöt við KSÚ.
 - ii. Landnámsskáli ræddur þar sem hægt er að vera með smiðjur tengda landnámi og tengja aðalnámsskrá.
 - iii. Metnaðarfullt dagskrártækifæri fyrir skóla og hópa í dagsferðir á Úlfjótssvatn. Skátar geta einnig nýtt þetta og eiga að taka mikinn þátt í uppbyggingu.



- iv. Hér er möguleg aðgreining á markaði og gefur ÚSÚ samkeppnisforskot ásamt því að þetta myndi án efa heilla kennara og erlenda ferðamenn.

Fundi slitið 21:55

